

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

6. nóvember 2014

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál

Samkvæmt tillögunni verður orkukosturinn Hvammsvirkjun færður úr biðflokki rammaáætlunar aftur í nýtingarflokk, þar sem hann var áður flokkaður fyrir afgreiðslu Alþingis í janúar 2013. Samorka styður þá tillögu.

Samorka beinir því jafnframt til Alþingis að ályktað verði um að snúa aftur til faglegrar niðurstöðu fyrri verkefnisstjórnar og færa alla þá sex orkukosti sem Alþingi færði úr nýtingarflokki í biðflokk, þvert á faglegrar niðurstöður verkefnisstjórnar, til baka í nýtingarflokk. Jafnframt verði ályktað þess efnis að núverandi verkefnisstjórn ljúki því verkefni sem henni var falið í skipunarbréfi, að forgangsraða vinnu við þá tvo aðra kosti sem jafnframt var fjallað um sérstaklega í nefndarálit þáverandi meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við afgreiðslu málsins í janúar 2013. Til vara gerir Samorka tillögu um að Alþingi beini því til verkefnisstjórnar að ljúka hið fyrsta umfjöllun um alla framangreinda átta kosti, sbr. fyrrnefnt nefndarálit og skipunarbréf ráðherra. Loks gerir Samorka tillögu um að í framhaldinu verði vinnu verkefnisstjórnar forgangsraðað þannig að fjallað verði um þá kosti sem best hafa verið rannsakaðir og lengst eru komnir í undirbúningi, í ljósi þess tímahraks sem vinnan er komin í.

Sex orkukostir flytjast aftur í nýtingarflokk

Sem kunnugt er tók fagleg niðurstaða verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar miklum breytingum í meðförum ráðuneyta og Alþingis, í tvöföldu ferli. Fyrst rötuðu þrettán orkukostir niður listann, í skilningi nýtingar¹, í lokuðu ferli innan tveggja ráðuneyta, en með aðkomu formanns verkefnisstjórnar 2. áfanga og formanna faghópa. Enginn kostur rataði upp listann í því ferli. Síðar ákvað Alþingi, með ályktun sinni 14. janúar 2013, að færa sex af þeim kostum sem þó höfðu orðið eftir í nýtingarflokki yfir í biðflokk. Margt hefur verið rætt og ritað um þau ferli og verður það ekki endurtekið hér.²

¹ Sem dæmi má nefna að Bitru, Norðlingaölduveitu, Brennisteinsfjöllum, Grændal og Tungnaárlóni var öllum raðað í verndarflokk í þessu ferli, þrátt fyrir að verkefnisstjórn hafi raðað þeim um eða ofan við miðju í sinni röðun.

² Þetta ferli er m.a. rakið í umsögn Samorku, dags. 30. apríl 2012, um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 140. löggjafarþingi, 727. mál. Þá hefur t.d. einn ráðherra þáverandi ríkisstjórnar fjallað um þetta ferli í minningabók.

Sú ákvörðun að færa umrædda sex orkukosti úr nýtingarflokki í biðflokk var ákvörðun Alþingis þvert á faglegar niðurstöður verkefnisstjórnar. Samorka beinir því til Alþingis að hverfa nú aftur til faglegrar niðurstöðu fyrri verkefnisstjórnar og álykta um að allir þessir sex orkukostir verði nú færðir úr biðflokki og aftur í nýtingarflokk. Um er að ræða Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun, Hvammsvirkjun, Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun I og II.

Verkefnisstjórn ljúki hið fyrsta við forgangsumfjöllun um tvo aðra kosti

Ennfremur beini Alþingi því til núverandi verkefnisstjórnar að ljúka eins fljótt og auðið er umfjöllun um tvo aðra kosti, Hólmsárvirkjun við Atley og Hagavatnsvirkjun. Sérstaklega var fjallað um þessa tvo kosti í nefndaráliti (12. kafla) þáverandi meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar, við afgreiðslu málsins í janúar 2013. Þar kom fram að umræddir tveir kostir fengu ekki fullnægjandi mat í umfjöllun fyrri verkefnisstjórnar þar sem gögn um þá höfðu misfarist í fórum hennar. Í skipunarbréfi núverandi verkefnisstjórnar er henni gert að fjalla eins fljótt og auðið er um þessa tvo kosti, auk hinna sex sem fjallað er um hér að framan. Samorka beinir því til Alþingis að álykta þess efnis að verkefnisstjórnin ljúki þessu verkefni sem henni hefur þegar verið falið.

Til vara: Verkefnisstjórn ljúki hið fyrsta við forgangsumfjöllun um alla átta kostina, sem henni var falið

Náist ekki niðurstaða um framangreint gerir Samorka til vara þá tillögu að Alþingi beini því til verkefnisstjórnar að hún ljúki hið fyrsta því verkefni sem henni var falið að forgangsraða, þ.e. að fjalla um framangreinda átta kosti, eða þá kosti úr þeim hópi sem ekki verður þá þegar búið að raða í nýtingarflokk.³ Lögð skal áhersla á að umræddum kostum hafði þegar verið raðað í nýtingarflokk⁴ á grundvelli faglegrar niðurstöðu fyrri verkefnisstjórnar, áður en Alþingi tók um það pólitíska ákvörðun að færa þá í biðflokk. Svonefnd aðferðafræði rammaáætlunar, þar sem kostir eru bornir saman og þeim raðað í nýtingar-, bið- eða verndarflokk í ljósi innbyrðis samanburðar, á því engan veginn við í þessu tilfalli. Núverandi verkefnisstjórn verði einfaldlega falið að taka afstöðu til hvort rétt sé að hverfa aftur til faglegrar niðurstöðu fyrri verkefnisstjórnar og raða umræddum orkukostum aftur í nýtingarflokk úr biðflokki.

³ Hér ætti e.t.v. að segja í nýtingar- eða verndarflokk, en að mati Samorku er vandséð að þessir kostir, sem fyrri verkefnisstjórn hafði þegar raðað í nýtingarflokk, verði settir í verndarflokk. Það verður a.m.k. ekki gert á faglegum forsendum.

⁴ Eða a.m.k. ofan við miðju í röðun verkefnisstjórnar í tilvikum Hólmsár- og Hagavatnsvirkjana, þar sem gögn höfðu misfarist í vinnu verkefnisstjórnar.



Verkefnisstjórnin forgangsraði vinnunni í kjölfarið

Loks leggur Samorka til að verkefnisstjórn verði í kjölfarið falið að forgangsraða sinni vinnu, í ljósi þess tímahraks sem komið er upp í hennar störfum. Fram hefur komið í máli formanns verkefnisstjórnar⁵ að vegna tímahraks verði að forgangsraða umfjölluninni eigi að vera hægt að skila einhverri niðurstöðu á tilsettum tíma. Samorka tekur undir þetta. Að mati samtakanna ætti Alþingi þannig að beina því til verkefnisstjórnar að hún forgangsraði sinni vinnu frekar, að lokinni umfjöllun um framangreinda tvo til átta orkukosti (eftir því hversu marga þeirra Alþingi færir aftur í nýtingarflokk). Samorka gerir tillögu um að þeim aðilum sem skilað hafa inn gögnum um orkukosti til umfjöllunar í verkefnisstjórn verði boðið að forgangsraða þeim kostum, þ.e. tilgreina sérstaklega þá kosti sem lengst eru komnir í undirbúningi. Verkefnisstjórn leggi í kjölfarið áherslu á að ljúka hið fyrsta umfjöllun um þá kosti.

Samorka þakkar að endingu fyrir veittan frest (einn dag) til að skila inn umsögn um málið, sem gerði stjórn samtakanna kleift að fjalla um hana á reglubundnum fundi sínum.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri

⁵ T.d. í fréttum RÚV 15. október 2014.